


Hagkeðjan í hnotskurn



1. tölubl. 1. árg. 1. jan. 1978

Kristján Friðriksson útlistar kenningu sína



Kortið sýnir skiptingu hafsvæða. Svæðin, sem merkt eru A til A5 sýna friðunarsvæði, þar sem í framtíðinni má aðeins nota veiðarfæri, sem VELJA ÚR fisk, sem hefur náð hagkvæmri slátrunarstærð (um 76 cm lengd að því er þorsk snertir).

Svæðið, sem merkt er B, er aðalveiðisvæði framtíðarinnar. Þar mætti nota afkastamikil veiðarfæri — aðeins ef sóknarflotinn er ekki of stór. Tekjur af auðlindaskatti kæmu einkum frá þessu svæði. Öll sú heildarskipulagning, sem hér um ræðir, mundi hafa í för með sér að fiskurinn kæmi NÝR til vinnslu, sem er feikilega mikilvægt vegna framtíðarmarkaða.

Margir-hafa óskað eftir því að fá í hendur rit eða bækling, þar sem aðalatriði hagkeðju-hugmyndarinnar væru aðgengi-leg í heild — í einu samþjöppuðu yfirliti.

HVERNIG VARD HUGMYNDIN TIL?

Oft er það svo, að mál reynast auðveldari til skilnings, ef mönnum er gerð nokkur grein fyrir aðdraganda (þó aðdragandinn sé ekki svo merkilegt mál í sjálfsu sér).

Svo atvikaðist í apríl '75 að ég sat á Alþingi sem varamaður í stuttan tíma. Það hefur löngum verið siður þeirra, er þangað lenda, að vanda til sinnar fyrstu ræðu, jómfrúræðu. Líka hef ég heyrt, að lengi hafi verið siður þeirra, er þar sátu fyrir, að hlusta á fyrstu ræðu hvers þingmanns.

Ég gerði mér far um að vanda sem best til þessarar ræðu minnar — og sparaði ekkert til, hvað það snerti, að afla mér upplýsinga, er málið vörðuðu.

Efni ræðunnar var einkum það, að sýna fram á að botnfiskveiðifloti Íslendinga væri orðinn allt of stór og afkastamikill — miðað við ástand fiskistofna og miðað við hagkvæma nýtingu.

Ég komst að þeirri niðurstöðu, að með allt of stórum flota væri verið að sóa mjög miklum fjármunum og vinnuafli, svo sem 10–12 miljörðum árlega (miðað við núverandi peningagildi, nóv. 1977).

En í ljósi þeirra athugana og rannsókna, sem ég gerði í tengslum við gagnasöfnun í jómfrúræðuna — og einnig í sambandi við fiskifræðilegar og þjóðhagsfræðilegar athuganir, er ég hafði gert löngu áður, rann það nú smátt og smátt upp fyrir mér, að það voru ekki aðeins þessir 10–12 miljörðar, sem verið var að sóa, heldur í rauninni um það bil 10-föld sú upphæð — og meira þó, sbr. síðar.

Í þessu samandi varð mér einnig ljós skýring á linuritu um fiskveiðar við Ísland, er ég hafði gert fyrir um 20 árum síðan, og ég hafði aldrei skilið fyllilega. Nú féllu þær athuganir inn í heildarmyndina og urðu auðskiljanlegar. Linurit nr. 15.

Eftir að mér höfðu orðið ljós þau atriði er að framan greinir, lá nú beinast við að hugleiða hvernig unnt kynni að vera að „ræða saman“ efnahags- og þjóðlífspáttum þannig að út kæmi heilstæð mynd — þar sem öfl efnahagslífsins næðu sameiginlegu hags-

muna- og farsældarátaki — í stað þess að efnahagsöflin vinni meira og minna hvert gegn öðru — eins og ég tel að nú sé. Eg býst við að það hafi auðveldað mér uppröðunina, að ég hafði nýlega lokið við að semja bók um skylt efni, *Farsældarrikið*, sem kom út 1974.

Ekki er ástæða til að gera mikið úr minnu framlagi í þessu efni, því ég hef nánast enga sjálfstæða frumrannsókn gert — utan linuritið sem fyrr er frá sagt.

Hér er um uppröðun að ræða. Uppröðun sem er byggð á þekkingu, sem aðrir hafa aflað. Mest af upplýsingunum er fengið frá fiskifræðingum Hafrannsóknastofnunarinnar. En nokkuð frá norskum fiskifræðingum. Einnig frá Framkvæmdastofnun, Þjóðhagsstofnun, ýmsum íslenskum hagfræðingum — frá útgerðarmönnum, sjómönnum o.s.frv.

Einnig tel ég rétt að taka fram, að ég er alveg sammála svo til öllum ályktunum, sem birst hafa frá íslensku Hafrannsóknastofnuninni. Þar er um að ræða frávik aðeins í tveimur atriðum.

A. Þeir tala jafnan um að veiðimagn skuli takmarka við ákveðinn tonnafjölda. Þetta tel ég að ætti að setja fram öðruvísi, það er þannig:

Engan fisk ber að veiða fyrr en hann hefur náð „rétttri slátrunarstærð“ sem er nálægt 4 kg að þyngd, sem er u.þ.b. sama og kynþroskastærðin.

B. En úr því að þeirri stærð er náð tel ég að megi veiða hann svo til allan, því engin hætt er á að hrygningin verði ekki ætíð nægileg, ef hrygningarfiskurinn á annað borð kemst á hrygningarsvæðin — og ef flotinn, sem að honum sækir þar, er ekki of stór.

KYNNING HEFT

Eftir að aðalniðurstæða var fengin hóf ég kynningu á hugmyndinni. Ég hafði þá starfað að henni í nokkra mánuði og samið linurit og uppdætti til skýringa.

Fyrsta fundinn um efnið hélt ég í Kjörgarði 10. júní 1975. Þangað bauð ég nokkrum fiskifræðingum og hagfræðingum. Þeir hvöttu til áframhaldandi kynningar.

Nokkrum mánuðum síðar kom svo „Bláa skýrslan“ og stuttu þar á eftir „Svarta skýrslan“. Báðar um ofveiði.

Eg hef kynnt hugmyndina á u.þ.b. 50 fundum — misjafnlega ýtarlega. Samanlögð tala áheyr-

enda er þó naumast nema 1600 til 1800 manns.

Meðal yngri manna er algengt að heyra hvatningarorð í fundarlok eitthvað á þessa leið: Hversvegna er þetta ekki gert strax? —

STADHÆFINGAR

Ég byrja á því að setja fram tvær aðalstaðhæfingar.

1. Með því að koma hagkeðjuhugmyndinni í framkvæmd, væri hægt að koma til leiðar efnahagsbata, er næmi um 120 miljörðum árlega að meðaltali. Þ.e. bata frá því ástandi sem nú ríkir og núverandi stefna í efnahagsmálum mun leiða til ef fylgt verður. Nú-stefnan gæti jafnvel leitt til enn versnandi ástands.

Í þessu felst þó ekki spádómur um þjóðargjaldþrot, þó núverandi stefnu yrði fylgt.

2. Ég tel mig einnig geta staðhæft, að engar tæknilegar, efnahagslegar né samfélagslegar hindranir séu fyrir hendi — sem mundu koma í veg fyrir framkvæmd stefnunnar, eða tilhögunarbreytingarinnar, aðeins ef pólitískur vilji væri til staðar til að koma breytingunni í framkvæmd.

Ég tel að samfélagsheildin mundi styrkjast og mannlíf batna — og kæmi það til viðbótar hinum beina efnahagslega ávinningi.

Það sem hér fer á eftir er rökstuðningur fyrir ofangreindum staðhæfingum.

Sá tekjuauki, sem hér um ræðir byggist aðallega á fjórum atriðum.

1. SPÖRUN VIÐ MINNKUN FLOTANS 10–12 MILJARÐAR

Með því að minnka botnfiskveiðiflotann um svo sem 20 þús. smálestir, þ.e. veiðilestir, mundu sparast um 10–12 miljörðar árlega — en flotinn yrði þó yfrið nógu stór til að nýta miðin eins og má. (Sjá um þetta tölur um útgerðarkostnað).

2. SJÁLF AFLAUKNINGIN MUNDI VALDA UM 45 MILJARDA TEKJUAUKA

Með því að veiða botnfiskinn (þ.e. þorskin og hans fylgifiska) þá fyrst er þessi fiskur hefur náð hagkvæmri slátrunarstærð, þ.e. 4 til 4½ kg að þyngd, þá mundi heildaraflinn árlega aukast úr um 350 til 450 þúsund lestum fisks í

um það bil 750 þúsund lestir að jafnaði árlega.

Hér yrði því um að ræða aflaukningu er næmi um 300 þúsund lestum, eða 300.000.000 kg — þrjú hundruð miljónum kílóa. Hvert kíló gerir fullverkað um 150 krónur að meðaltali í gjaldeyriskjómum í þjóðarbúið, svo hér er um að ræða tekjauka, er nemur um 45 miljörðum.

3. ÞJÓÐHAGSLEGT MARGFELDI UM 67 MILJARÐAR

Aðurnefndir 45 miljarðar taka svo á sig svonefnt **þjóðhagslegt margfeldi** við að ganga sem tekjuauki inn í þjóðarbúið. Ef reiknað er með að þetta þjóðhagslega margfeldi sé 2,5, sem ég tel varlega áætlað, verða þessir 45 miljarðar að 112 miljörðum í þjóðartekjur eða vaxa um ca 67 miljörðar.

Með því að velja töluna 2,5 sem áætlun um þjóðhagslegt margfeldi þessara viðbótartekna, er verið að áætla varlega, samanber núverandi hlutfall milli gjaldeyriskjómum og þjóðartekna. Þjóðartekjur hér hafa oft reynst um það bil tvö og hálf til þrefalt hærri en gjaldeyriskjör. (Árið 1975 voru gjaldeyriskjör vöru og þjónustu kr. 72,2 miljarðar, en vergar þjóðartekjur kr. 186,7 miljarðar).

4. IÐNAÐUR SEM TEKJU- AUKINN GERDI FÆRT AÐ BYGGJA UPP GÆFI FLJÓT- LEGA 10—20 MILJARÐA

Hinar auknu tekjur af fiskveiðunum skal að hluta til taka inn í þjóðarbúið sem auðlindaskatt sbr. síðar.

Hluta auðlindaskattsins skal nota til að koma upp nýjum iðnaði, styrkja stöðu þess iðnaðar sem fyrir er í landinu og til að auka ræktun landsins og þar með arðgjöf þess. Auðlindaskatturinn kæmi til uppbyggingar sem viðbót við þá fjárfestingarsjóði, sem fyrir eru.

Hinn nýi iðnaður, aukning þess iðnaðar sem fyrir er og aukin ræktun gefur brátt talsverðar tekjur í þjóðarbúið. Ef áætlað er að 3000—5000 manns ætti að bætast í iðnaðarstarfsemi á næstu 6 til 8 árum, má lauslega áætla vinnsluvirði þessarar starfsemi **allmarga** miljörðar, t.d. 10—20 miljörðar því framleiðsla hins nýja iðnaðar tekur að hluta til á sig þjóðhagslegt margfeldi.

En þetta mál gerist fljótt of

flókið til að gera ýtarlega grein fyrir því í svo knöppu formi sem hér er til umráða. Aðeins skal bent á, að hafður er í huga **tækni-væddur smáíðnaður**, sem flestum þjóðum hefur reynst vel sem kjölfesta í atvinnulífinu.

LÁGUR STOFNKOSTNAÐUR SMÁIÐNAÐAR

Lágur stofnkostnaður fyrir atvinnuadstöðu hvers einstaklings í smáíðnaði hefur mikla kosti fyrir þjóð eins og okkar, sem þarf að byggja upp iðnað eftir breytilegum atvinnuþörfum víðs vegar um landið.

Hér hafa þá verið nefnd hin fjögur meginatriði, sem nýi tekjuaukinn myndast af. Útkoman, sem hér fæst er a.m.k. $10+45+67+10=132$ miljarðar eða allt að þriðjungs viðbót við núverandi þjóðartekjur.

Nú hef ég sýnt, hvernig ég reikna þetta dæmi. Fróðlegt gæfi verið fyrir áhugamenn um efnahagsmál að rannsaka þær tölur, sem hér eru lagðar til grundvallar. Breyta þeim eftir sínu mati og eftir breytilegum aðstæðum.

Dæmi: Menn gætu kynnt sér útgerðarkostnað pr. veiðilest í hinum ýmsu tegundum skipa. Fengið álit fiskifræðinga um áætlað fiskimagn, ef veiðum á uppeldisfiski yrði hætt. Áætla á ný fiskveiðið. Setja mat sltt á þjóðhagslega margfeldið. Meta arðgæfni iðnaðar, borið saman við það sem gerist í nálægum löndum o.s.frv. Reikna svo sjálfir. Útkomurnar mundu sannfæra marga, enda þótt þær yrðu nokkuð breytilegar.

Lífkeðjan við Ísland

Skal nú vikið að því að greina frá nokkrum meginatriðum þeirrar lífkeðju, sem fiskveiðar Íslendinga byggjast á, en á þeirri þekkingu, sem nú þegar liggur fyrir um þessa lífkeðju, er sú áætlun byggð, sem er ein meginundirstaða hagkeðjustefnunnar.

Frjósemi eða framleiðni líf-

rænna efna strandsvæðanna umhverfis Ísland er með því mesta sem gerist hér í heimi, miðað við stærð strandsvæðisins. Þessi feikimikla frjósemi stafar ekki síst af lóðréttri blöndun sjávarlaga í Golfstraumnum, sem umlykur landið. Hin lóðrétta blöndun sjávarlaga stafar m.a. af því að Golfstraumurinn rekur sig á svo mörg nes og tanga og á hæðir og dali neðansjávar — á ferð sinni umhverfis landið. Sjá straumkort. „Samfléttun“ kvísla Pólstraums og Golfstraums fyrir norðan land og austan hefur einnig mikilvæg áhrif í þessu sambandi.


Skal nú greint frá nokkrum aðalatriðum lífkeðjunnar. Ef gengið er út frá að ástand fiskistofna væri — eins og það mundi verða — eftir að hagkeðjustefnan væri komin til framkvæmda, þá mætti áætla að 120 til 150 miljónir kynþroska fiska kæmu til hrygningar á svæðið suðvestanlands, sem markast að austan af línu sem dregin væri í suðvestur frá Eystra-Horni — en að vestan af línu, sem dregin væri til vestnorð-vesturs frá Straumnesi, sem er vestast og nyrst á Vestfjarðakjálkanum. Er hér um að ræða hið eiginlega aðalveiðisvæði framtíðarinnar. Aðal hrygningarsvæðið nær þó naumast nema eitt-hvað norður eftir vesturkantinum á landinu. Þennan fisk má í rauninni taka (veiða) svo til allan hvert ár, eða jafngildi hans að þyngd.

Veiðiflotinn, sem sækti á aðalveiðisvæðið mætti þó ekki hafa meiri sóknarþunga en svo, að verulegur hluti þessa fisks næði að hrygna, áður en hann yrði tekinn, en það mundi tryggja næga og dreifða hrygningu.

Eftir hrygningartímann heldur sá fiskur, sem ekki hefur verið tekinn á vertíðartímanum, þ.e. janúar til maí, hann færir sig að mestu norður með Vesturlandinu og dvelur þar, vegna hinna ríku legu átuskiðyrða, og þar má halda áfram að veiða hann allt árið. Litill hluti þess, sem sleppur við vertíðarveiðarnar, mun þó halda til uppvaxtarsvæða sinna fyrir norðan land og austan og þar má að sjálfsögðu veiða hann hygnær sem er á arinu með aðferðum, sem velja stóra fiskinn úr.

Vesturland og Vestfirðir mundu græða mest á friðuninni, að því er fiskveiðar varðar, en Sunnlendingar fengju feikilega góðar vertíðir.

Á tímabilinu febrúar — maí hrygnir fiskurinn. Áætla má að fjöldi frjóvgaðra hroga skipti jafnvel allt að 100 þúsund miljörðum.



Seiðin farast flest. Í góðu ári kemst þó upp svo sem 1 til 2 miljarðar af þessum 100 þús. miljörðum. Hrunið á sér stað strax eftir að kviðpokastigi lýkur. Ástæða fyrir því, að árgangar verða mjög missterkir er óþekkt. Einn árgangur getur orðið 30 sinnum sterkari en annar.

Á kviðpokastiginu eru seiðin mjög smá og óburðug. Um það bil fjórir dagar virðast skipta sköpum í lífi seiðanna. Það eru dagar eftir að kviðpokanæringin er þrotin. En það af seiðunum, sem af lifir, flýtur á yfirborðinu í fyrstu, en þau smádyppka á sér og þegar kemur fram í ágúst og september er með nútímatækni hægt að áætla („telja“) nokkurn veginn stærð hvers árgangs frá síðasta gottíma. Of lítið er vitað um líf seiðanna fyrsta aldursárið, en á öðru aldursári hafa seiðin náð botni og eru úr mestu lífs-hættunni.

„UPPELDISBÓLFESTA“

Seiðin virðast taka sér einskonar „uppeldisbólfestu“. Breytilegt virðist og tilviljunum háð, hvar á svæðinu norðan Hornstranda — norður og austur um land, seiðin taka sér uppeldis-svæði. Þegar þau fara að stækka, færa þau sig á meira dýpi, því þau halda sig mest á fremur grunnum

hafsvæðum fyrstu misserin í lífi sínu. Þær friðanir, sem þegar hafa verið gerðar, vernda vafalaust smæsta fiskinn talsvert. En úr því fiskurinn er orðinn tveggja til þriggja ára, fer hann að færa sig til, út og inn um firði og flóa, og er þá miskunnarlaust drepinn af togveiðiskípum og línuveiðiskípum, meðan hann enn er í uppeldi.

Þriggja ára fiskur vegur aðeins um 1,2 kg, fjöggra ára fiskur um 2 kg, 5 ára tæplega 3 kg, þá um 70 cm að lengd — (og kallast nú stórfiskur, á máli rányrkjumanna).

Með því skipulagsleysi veiðanna, sem nú er ríkjandi, verður svo til allur fiskurinn veiddur á ofangreindu aldursskeiði. Auk þess talsvert af ennminni fiski, en smáfiskadrápinu er nú reynt að halda sem mest leyndu af rányrkjumönnum. Meðaltalsþyngd í aflanum á uppeldissvæðunum miðað við núverandi aðferð mun vera um 2 kg.

HÆTTA BER VEIÐUM Á UPPELDISFISKI

Fyrsta og þýðingarmesta atriði hagkeðjustefnu er að veiðum á uppeldisfiski verði hætt. Uppeldisfiskur er hér skilgreindur sem sá fiskur, er ekki hefur náð 76 cm lengd. Meðalþyngd slátrunarfishs yrði 3,8 til 4,5 kg, því

sumt af fiskinum yrði 7 ára þegar honum yrði slátrað, miðað við hina nýju tilhögun.

Uppeldis-svæðin geta fætt það fiskimagn, sem gefur árlega 750 þús. tonna afla

Margföld reynsla er fyrir því, að miðin geta fætt fiskinn þannig að árleg nýting megi vera um 750 þús. lestir í stað um 350 til 450 þús. eins og verða mundi, ef núverandi skipan yrði fram haldið.

Það breytir ekki heildarmyndinni þó fyrir gæti komið svo sem prisvar á öld, að fjöldi fiska í

uppeldi yrði svo mikill að hagkvæmt væri að „grisja“.

HLUTA FISKISINS MÁ VEIDA Á UPPELDISSVÆÐUNUM

Þegar fiskurinn nær kynþroska aldri, hafandi þá náð hinni umræddu 76 cm lengd, þá fer hann að fara um í torfum. Þá mætti

veiðahann á uppeldissvæðunum fyrir norðan og austan í þau veiðarfæri, sem veldu úr fisk af þeirri stærð — t.d. í hæfilega stórríðin net — eða með öðrum hætti, sem of langt mál yrði að fara út í að skilgreina hér.

Norður- og austurbyggðir mundu þá geta veitt jafnmikið af fiski og þær fá nú, miðað við þyngd (en miklu færri fiska) — eftir að miðin hafa notið friðunar

í svo sem 3 ár. Jafnvel mætti hefja veiðar á uppeldissvæðunum að nokkru eftir aðeins tveggja ára hvíld. En veiðarnar á norður- og austursvæðum yrðu ójafnari en þær eru nú og gæfu ekki jafn hentug atvinnuskilyrði og nú fast þar — meðan verið er að murka niður uppeldisfiskinn — með hinum allt of stóra flota.

FRAMKVÆMDIN

Hér er gerð uppástunga - í mjög grófum dráttum - um - aðferð við að koma breytingunni í framkvæmd.

FRAMKVÆMDIN TVEIR ÁFANGAR

Eg áætla, að hinni nýju skipan verði komið á í tveimur þriggja ára áföngum — en á sama tíma ætti að byggja upp iðnað, fyrst fyrir austursvæðið, á þrem árum. Síðan fyrir Norðurland, vestan Grímseyjar, í síðari þriggja ára áföngum. Norður- og austurbyggðir mundu því hafa sama fiskmagn og nú, eftir breytinguna — og hinn nýja iðnað að auki.

Áætla mætti veiðimagn af heimamiðum norður- og austurbyggða um 100–200 þús. lestir eftir breytinguna. Fiskifloti þessara byggða mundi verða togararar, sem sæktu inn á aðalveiðisvæðið — og fjöldi misstórra fiskibáta, sem tækju fiskinn í hæfilega stórríðin net í nágranni sínu. Stærð norður- og austur „heima“ flotans mætti áætla um 15–20 þús. lestir. Stærð flotans sem sækti á aðalveiðisvæðið yrði þá 40 til 45 þús. lestir. Auk þess mætti svo áætla stærð þess flota, sem stundaði loðnu-, kolmunna- og spærlingsveiðar, humar- og rækjuveiðar o.fl., um 17 þús. lestir. Flotastærð alls um 80 þúsund lestir í stað um 100 þús. eins og nú er.

Milli 450 til 650 þús. lestir yrðu svo teknar á aðalveiðisvæðinu fyrir sunnan land og vestan. Aðgangur að því svæði yrði seldur, þ.e. auðlindaskattur eða temprunargjald yrði lagt á, en fiskimenn þar fengju fyrirfram tryggingu fyrir því — áður en þeir keyptu veiðileyfin, að á svæðið yrði ekki hleypt nema hæfilega stórum flota, 40–45 þúsund lestir, eftir nákvæmari athugun. Áætla mætti að hver veiðilest í skipi gæti þá flutt að landi 7 til 15 lestir pr. veiðilest í skipi. Það þýðir t.d. að 100 lesta fiskibátur ætti að færa að landi 700 til 1500 lestir af fiski yfir allt árið, enda yrði fiskmagnið í sjónum geysilegt. 500 lesta togari ætti þá að koma með 3500 til 7000 lestir yfir allt árið. Temprunargjaldið,


auðlindaskatturinn, yrði fyrstu árin ekki nema svo sem ¼ af aukakostnaði þeim sem útgerðin verður núna að þola vegna of stórs flota.

ENGINN FISKUR FER FRÁ ÍSLANDSSTRÖNDUM

Hafa þer vel hugfast í þessu sambandi að enginn fiskur

gengur frá Íslandsströndum — nema þá e.t.v. ufsi í smáum stíl — en áætla má að jafnmikið af þeim flökkufiski komi til Íslandsstranda frá öðrum hafsvæðum í staðinn.

Raunar fara líka seiði í Vesturkvíslina, þ.e. kvísl úr Golfstraumnum, sem liggur í vestur frá landinu. Þessi seiði munu ná botni og alast upp við Grænland og koma svo aftur til Íslands til hrygningar — því það er eðli



Línuritíð hér að ofan sýnir, hvernig magn vertíðarfisks hefur farið hraðminnkandi á fáum árum — auðvitað vegna ofveiði á uppeldisfiski. Hvernig list ykkur á stöðu fiskveiða og fiskvinnslu sunnanlands og vestan, ef fram verður haldið sem horfir?

þorskfiska að koma til hrygningar þar sem þeir komu sjálfir úr hrogni.

„SLÁTRUNARFISKUR“ SKILUR SIG FRÁ

Aðferðin við nýtinguna byggist á þeirri heppilegu tilhögun frá náttúrunnar hendi, að meginhluti botnfisks okkar vex upp á ákveðnu svæði, þ.e. uppeldissvæðinu fyrir austan og norðan — en skilur sig frá til hrygningar og feg á annað svæði, þ.e. suður og vestur fyrir land. Þetta svæði hefur um aldir verið aðalveiðisvæðið og það á að vera það áfram — bæði til að tryggja hrygninguna og til að fá fiskinn í rétta slátrunarstærð. „Rétt“ slátrunarstærð er einmitt fyrsta (og annað) hrygningarárið. Tímamörkun fyrir hagkvæmstu slátrunarstærð ákvarðast af því, að fiskurinn er í mjög örum vexti fram til þess aldurs, þ.e. 6—7 ára — en svonefndur „náttúrlegur dauði“ á þriðja til sjötta ári er vafalaust mjög lítil. En eftir að kynþroska er náð, hægist vöxturinn („prósentsvís“) en hinn „náttúrlegi dauði“ hraðvex og fer upp í 18% árlega sbr. rannsóknir Jóns Jónssonar forstjóra um náttúrleg dauðsföll kynþroska fisks.

Ovinir fisksins á uppeldissvæðunum (aðrir en maðurinn) hafa nú týnt tölu. Þar var selurinn skæðastur, en einnig stórlúða, fiskétandi hvalir, hákarl o.fl. Sbr. um þetta línurit nr. 15 og skýringu mína á fiskileysi fyrri ára þegar Grænlandsselurinn eyddi fiskinum. Þess vegna tel ég alrangt að reikna með nokkrum verulegum náttúrlegum dauða aldursárin 3—6. Hér er um að ræða leiðréttingu frá því sem reiknað var með í grein minni í Lesbók Morgunblaðsins í febr. '76.

HVERT LEIÐIR NÚ-STEFNAN?

Með núverandi stefnu, það er með því að beita of stórum flota — með því að drepa meginhluta fisksins sem uppeldisfisk — til jafnaðar ekki hálfvaxinn og með vanrækslu í iðnaðaruppbyggingunni, stefnir þjóðin beint inn í skuldasöfnun, fátækt og lífskjarskerðingu allra þjóðfélagsþegnanna.

Íslenzkt efnahags- undur

Með hagkeðjustefnunni mætti laða fram íslenskt efnahagsundur á skemmri tíma en einum áratug. Nú skora ég á alla góða íslendinga að hefjast handa. Skipa sér í sveit til baráttu fyrir bættum hagþjóðar okkar. Breytingin er auðveld í framkvæmd, ef dugandi menn sameinast um hana. Sinnuleysi og hiklyndi undanfarinna ára þarf að víkja fyrir markvísri framfarasókn, byggðri á samstæðri áætlun. Öll þjóðin mundi fagna slíkri breytingu.

MEIRA UM UPPHAF FRAMKVÆMDAR

Aðalbreytingin yrði, eins og áður segir, framkvæmd í tveim þriggja ára áföngum. Fyrst yrði tekið fyrir svæðið frá 18. lengdarbaug (um Grímsey) austur um til Eystra-Horns. Veiðar á uppeldisfiski bannaðar þar. Auðlindaskattur lagður á allar botnfiskveiðar. Heildarflotinn minnkaður strax um ca 20 þúsund eða niður í um 80 þús. lestir. Af þeim flota yrðu um 17 þús. lestir í öðru en botnfiskveiðum. Hæfilega stórum botnfiskveiðiflota yrði þá seldur aðgangur að aðalveiðisvæðinu, sem raunar næði fyrri árin 3 yfir allt strandsvæðið, nema það sem friðað yrði í fyrri áfanga (sbr. áður).

Áætla mætti að auðlindaskatturinn fyrstu 3 árin yrði aðeins 3 miljarðar á ári. Þar af mætti hugsa sér að svo sem 1 miljarður kæmi inn fyrir seld leyfi (á uppboðum), en afgangurinn, 2 miljarðar, yrði tekinn sem löndunargjald eða útflutningsgjald af fiskinum. Skipting milli innheimtu-aðferða markaðist af keppnis-hörku um leyfin. Frumleyfið gæti þá kostað svo sem ½ miljón á mánuði fyrir 330 lesta togara (miðað við rúml. 11 mánaða úthald).

Nú kæmi miklu meira aflamagn í hlut hvers skips en áður við það að skipum fækkar. Sparast mundi útgerðarkostnaður 20 þús. lesta flota. Yrði þetta spörun er næmi 10—12 miljörðum strax á fyrsta ári. Hreín spörun hjá botnfiskveiðiútgerðinni yrði því um 7—9 miljarðar (þ.e. þegar 3ja miljarða auðlinda-

skatturinn yrði dreginn frá 10—12 miljarða spöruninni).

SVÆÐI FYRRI ÁFANGA (GRÍMSEY — DJÚPIVOGUR)

A strandsvæði fyrri áfangans eru nú unnin um 1200 til 1300 mannaár í veiðum og vinnslu. (Hér á eftir fer kafla úr fyrri blaðagrein).

Nýtingu þessara 1200—1400 mannaár áætla ég þannig í þau 3 ár, sem það tekur fiskinn að vaxa úr 1,2 kílóa þyngd (3ja ára) í fjöggra kílóa þyngd (6 ára). (Fjögra og fimm ára fiskur sem nú er á svæðinu kemur tilvarandi fyrir í gagnið á aðalveiðisvæðinu, vertíðarsvæðinu.)

500 af þessum 1300 mannaár eru nú í öðrum veiðum og fisknýtingu en botnfiski, þ.e. í loðnuvinnslu, hrognelsi, kolmunna, hákarli, rækju, kola o.fl. (Kolann, sem raunar er botnfiskur, mætti veida án skemmdarstarfsemi).

300 yrðu áfram við botnfiskveiðar og vinnslu og mundu nokkur skip af þessu svæði kaupa sig inn á aðalveiðisvæðið og nyta þar hlunninda af fækkun skipa, sem á svæðið sæktu. Þannig fengju þau hlunnindi fyrir sinn hluta í auðlindaskattinum.

200 fengju strax vinnu við að byggja hús o.fl. vegna þess nýja iðnaðar, sem koma skal upp á svæðinu — og við vegalagningu o.fl., en svæðið nyti forgangs í vegalagningu og ýmsu fleiru, einkum meðan á breytingu stæði.

200 til 300 sem þá eru eftir mætti sjá fyrir einhvers konar sérgreindri tímabundinni vinnu, t.d. við tilraunanýtingu á kolmunna og margt fleira kæmi til greina.

Eiginlega eru það aðeins þessir 200 til 300, sem þyrfti að kosta einhverju til — á samfélagsgrundvelli vegna atvinnu. Það gæti kannski kostað þjóðfélagið svo sem hálfan til heilan miljarð árlega árin þrjú, sem umþöftunin stæði yfir — og væri ekki ástæða til að skera við nögl.

Þar sem þetta yrði nauðsynlegur áfangi í nýrri uppröðun efnahagsþátta er færðu miljarða tugi í bú ættu íbúar annarra landshluta að sjá söma sinn í að láta íbúa umbreytingasvæðanna einskis í missa hvað tekjur og aðbúð snertir.

Auðvitað fengjum við ekki til innleggs þann uppeldisfisk, sem nú er drepinn á umræddu svæði. Þetta mætti áætla sem gjaldeyrstap í eitt ár er næmi 5—6 miljörðum, en minna strax á öðru ári. En samtímis spöruðum við tvöfalda þá upphæð við minnkun flotans, sem nú er 20 þús. lestum of stór,

sbr. rök fyrir því í öðrum greinum mínum.

Sjálf iðnaðaruppbyggingin, miðað við vel tæknivæddan smá-iðnað, kostar ekki nema 15 til 20 miljónir pr. mann — eða aðeins 3 til 5 miljarda fyrir þessa 200 menn, lauslega áætlað.

SÍÐARI ÁFANGINN

Uppeldissvæðið frá Grímsey vestur úr til Straumness yrði svo tekið tilsvareandi tókum á næsta þriggja ára tímabili eftir fyrri árin þrjú. Þar er að vísu um miklu fleira fólk að ræða, en þar gæfist líka lengri tími til að undirbúa iðnaðaruppbygginguna, ef stefna yrði mörkuð fyrirfram. Þá yrði líka hagkeðju-fyrirkomulagið farið að skila miklum arði í þjóðarþúið — þó það væri ekki komið í gagnið nema að hálfu leyti.

UM IÐNAÐ ALMENNT

Á þeim u.þ.b. 50 fundum, þar sem ég hef kynnt hagkeðjuhugmyndina — hafa engin marktæk andmæli komið fram gegn aðal-hugmyndinni — og menn hafa verið fljótir að átta sig á hvað um er að ræða. Aftur á móti hafa komið fram talsverðar efasemdir um það að takast muni að koma henni í framkvæmd.

ÁSTÆÐULAUS VANTRÚ

Einkum er það eitt atriði, sem hefur valdið mér nokkrum vonbrigðum. Það er sá efi, sem fram hefur komið um það, að takast muni að finna verkefni í iðnaði, sem hentuðu hér á landi. Um þetta skal því farið nokkrum orðum.

RÍKUSTU ÞJÓÐIRNAR LIFA AF IÐNAÐI

Fyrst er þá að nefna, að það er ýmiss konar iðnaður, m.a. smá-iðnaður, sem efnadar þjóðir lifa svo góðu lífi á.

VOND VILLUKENNING

Það er villukenning, að þjóð á okkar menningarstigi þurfi fjölda ára til að verða fær um iðnaðar-framleiðslu. Þetta er álika firra eins og gamla kenningin, sem Jónas Hallgrímsson hæddist að í ljóði um íslendinga, og leggur afturhaldsseggjum í munn:

„Þeir ætla nú að eignast skip, þó enginn kunni að sigla“

Það er meira að segja ekki eins flókið að tileinka sér aðferðir við ýmiss konar smá-iðnað eins og það er að læra að sigla!

IÐNAÐARÞEKKING ER TIL HÉR

Mikið af iðnaðarþekkingu er fyrir í landinu. A iðnaði lifa nú beint um 17 þús. manns. Hér yrði um það að ræða að fjölga þessum hópi um ca ¼ á nokkrum árum. Hér er því ekki um að ræða byltingarkenndar tillögur, heldur stefnumörkun í þróun.

SAMKEPPNISHÆFNI

Um samkeppnisaðstöðu þessa iðnaðar er það að segja, að hana er mjög auðvelt að skapa. Það yrði gert með því að viðhalda stöðugt réttir gengisskráningu, þ.e. gengisskráningu, sem miðaði við útflutningsaðstöðu vel rekings iðnaðar. Svo nefnt VAL-gengi yrði notað. (Það er ekki rúm til að skýra nánar hér hvað VAL-gengi er).

Mest af því húsnæði, sem iðnaðurinn mundi nota, yrði hitað með ódýrum jarðhita. Orkuverð til iðnaðar getur þjóðin haft í hendi sér. Hæfni íslendinga til iðnaðarframleiðslu er ótvíræð. Uppfýndingamenn, þjóðhaga-smíði og listfengar konur í hand-iðum hefur ætíð verið margt um á landi hér.

„SEFUR HETJA Á HVERJUM BÆ“

Að því er hæfni snertir á iðnaðarsviðinu mætti segja: „Það sefur hetja á hverjum bæ.“ Þessi mikla hæfni hefur ekki fengið notið sín, meðfram vegna óheppi-legrar stjórnmálaforystu — og e.t.v. vegna þess að skyndigróði í fiskveiðunum hefur truflað.

Þrjú verk-efni auð-lindaskatts

Eitt af því, sem þjóðin þarf nauðsynlega að festa sér í hug, er það að taka botnfisks við Ísland, eftir að hún hefur verið skipulögð — er ekki venjulegur atvinnu-vegur — heldur verður hér um að ræða nýtt hlunninda (Sbr. nýtingu veiðiaa).

Þessi þjóðarhlunnindi verða ekki nytjuð svo að vit sé í nema með skattlagningu. Fyrstu verk-

efni þessarar skattlagningar er að stjórna sókninni (ásamt banni við veiðum á fiski í uppeldi.)

Annað, meginverkefni auð-lindaskattsins er að jafna út sveiflur í sjávarútvegi til þess að koma í veg fyrir að sveiflur þar valdi sveiflum í öðrum atvinnu-greinum og leiði m.a. til verð-bólgu. Innifalið í þessum verk-efnisþætti er einnig það, að mynda öryggissjóði fyrir sjávar-útveginn sjálfan, svo bæði út-gerðarmenn og sjómenn geti búið við efnahagsöryggi.

Þriðja verkefnið er svo það — að styðja aðrar greinar efnahags-lífsins, einkum iðnað — til sam-keppnishæfni. Vegna þess hvað þessi afgangur verður ríkulegur, getum við auðveldlega styrkt svo stöðu iðnaðar okkar að hann öðlist trausta samkeppnishæfni.

Sum tímabil gæti svo farið að auðlindaskatturinn gæfi lítið í aðra hönd, þ.e. þau tímabil sem of langt verður á milli sterka árganga — og gengi þá jafnvel á sjóðina, vegna þess að þeir þyrftu að styðja að efnahagsöryggi út-gerðarmanna og sjómanna. (Auðlindaskattur ákvarðast fyrir- fram hvert ár eftir aflalíkum). En langflest ár yrði mjög mikill afgangur. Gæti orðið 15-20 miljarda á ári sum tímabil (miðað við nú-verð peninga). Gleymið nú ekki að sú upphæð er aðeins brot af ávinningnum við hina nýju uppröðun efnahags-báttanna.

En hlunnindin, sem þjóðin gæti haft af botnfiskveiðum, eru svo ríkuleg í hlutfalli við fólksfjölda og aðrar ástæður, að fáar þjóðir munu eiga á slíku vól. Jafnvel ekki þjóðir, sem eiga dýrmætur námur eða aðrar auðsupp-sprettur.

VAL IÐNAÐARVERKEFNA

Hvaða iðnað skal velja? Þannig er oft spurt. Þessu er ekki hægt að svara í stuttu máli. Upptalning verkefna, sem til greina kæmi, yrði allt of löng. Alit mitt er að okkar dverghögu þjóð muni henta hvað best ýmisskonar mál-smíði.

Við svipuð skilyrði hafa Norð-menn valið fyrir eitt svæði í Norður-Noregi að smíða skurð-gröfur. Við gætum líka sett saman einhverja bíltegund, smíðað í þessa tegund ýmsa hluta — smátt og smátt, fleiri og fleiri hluta.

Tvær fullkomnar málsmesteypur þyrftu að vera á landi hér, t.d. önnur á Akureyri, hin í eða við Reykjavík. Málhluta, sem þar



Þetta kort á að vera til skýringar við tillögu K.F. um aðferð við að koma hagkeðjuhugmyndinni í framkvæmd. Dökka hafsvæðið milli 18. lengdarbaugs (Grimsey) austur um til Eystra-Horns er áætlað að yrði friðað fyrst — þ.e. í fyrri 3ja ára áfanga. Svæðið þar vestur af til Straumness í síðari 3ja ára áfanga. Iðnaðaruppbygging þarf því fyrst að verða á strandsvæði fyrri áfanga — og síðar þarf að gera tilsvarendi átak á vestara svæðinu. Jafnframt — eða á öllu 6 ára tímabilinu — þyrfti svo að sinna iðnvæðingu á suðvesturhorni landsins m.a. til að skapa verkefni fyrir vinnuafli og fjármagn, sem losnar við minnkun flotans.

yrðu steypdir, mætti senda hvert á land sem væri til fullvinnslu og samsetninga.

Hvað um rafmagnsbíl? Hvað um yfirbyggingu langferðbíla og strætisvagna? Hvað um gaffal-lyftara? Eg nefni ýmis búsaðhöld, ýmis verkfæri, ýmis tæki í skip.


Einn af ráðgjöfum bresku ríkisstjórnarinnar um iðnaðaruppbyggingu í afskekktum svæðum Bretaveldis taldi ráðlegt fyrir okkur að sinna verkefnum, er snertu útgerð og skipabúnað. Eg ræddi þessi mál við hann fyrir nokkrum árum.

Hvað um virkjun vindorku. Landbúnaðarvélar — eða hluta í þær. Hvað um varahluti í ýmsar gerðir bifreiða, er stöðugt þarf að endurnýja. Sérgreind mælitæki, elektrónísk tæki, þau hafa raunar verið smíðuð hér.

Næstum er auðveldara að ráðleggja að halda sig hóflega frá ákveðnum greinum. Þar kemur mér í hug textiliðnaðurinn, því það er sú iðngrein, sem hina fátæku þjóðir byrja venjulega á þegar þær hefja iðnvæðingu — og með því að þar er kaupgjald lágt, er samkeppni erfið. En jafnvel í þessari afar erfiðu grein til samkeppni, t.d. í fataframleiðslu,

FISKAFLI VIÐ ÍSLAN

Afli



hefur sýnt sig að við stöndum okkur bærilega.

Í skipabyggingum ættum við að takmarka okkur við eigin þarfir, því skipaðnaður er mjög mikið styrktur víða.

STOFNANIR Í VIÐBRAGÐSSTÖÐU

Stofnanir eru til, sem eru í viðbragðsstöðu til að ráðleggja um uppbyggingu nýs iðnaðar. Listi um svo sem 100 hugsanleg iðnaðarverkefni mun til eða vera í vinnslu. Iðnþróunarstofnunin á allgott bókasafn um iðnaðarverkefni — og er tilbúin til ráðuneytis. Slíka ráðgjöf þarf að efla.

EFNAHAGSLEGAR ADGERDIR

Hinn nýi iðnaður á að vera í höndum einstaklinga og félaga þeirra. En nauðsyn er að búa nýiðnaðinum góð ytri skilyrði. Einnig þarf að búa svo um í skattalegu tilliti, að áhættufé, sem lagt er í iðnað, njóti betri kjara en sparifé. Betri — vegna þess að það er áhættufé.

TEKJUAUKINN-1 MILLJÓN FYRIR HVERJA FJÖLSKYLDU ÁRLEGA.

Tekjuaukinn, sem hin nýja uppröðun hefði í för með sér, yrði yfir milljón fyrir hverja fjölskyldu í landinu — auk bættrar stöðu efnahagskerfisins almennt, t.d. að því er varðar erlendar skuldir. Sameiginlegar umbætur, t.d. í samgöngum o.þ.h., yrði auðvelt að kosta af eigin aflafé.

Allar stéttir mundu græða á breyt ingunni

LANDFLÓTTI ÚR SÖGUNNI

Landflótti — atgervisflótti, („brain-drain“) (mundi verða úr verða úr sögunni frá Íslandi því nú stæðum við u.þ.b. jafnfætis nágrannaþjóðunum að því er lífskjör snerti. Verkmennatun yrði samhæfð nýjum þörfum — og við mundum hætta að mennta margt af besta fólkinu úr landinu, eins og nú tíðkast.

KJARABARÁTTA RAUNHÆF

Barátta fyrir því, að koma hinni nýju uppröðun í framkvæmd, yrði í eðli sínu kjarabarátta, er væri raunhæf — gagnstætt þeim viðsjárverða og vonlausu krónutölu-eltíngaleik, sem átt hefur sér stað að undanfögnu.

ÚTSÆDISÁT

Til er saga um fátæka menn á Íslandi, sem neyddust til að borða útsæðiskartöflur, sem þeim voru sendar í hjálparþykni. Þetta þótti ekki góð búmennt. Nú er óþarft að viðhafa tilsvarendi tilhögun, með því að éta sinn uppeldisfisk.




Línurit nr. 15 gerði K.F. fyrir mörgum árum. Það sýnir fiskigöngd við Ísland frá því fyrir miðja 17. öld til aldamóta. Það er unnið eftir frásögunum, sem fram koma í annálum og víðar. Algjört fiskileysi varð um allt land sum tímabil. Fiskileysið stóð þó aldrei lengi í einu. Nægur fiskur var kominn aftur, venjulega 5 árum eftir mestu lægðirnar. Skýringuna telur K. F. vera þá, að Grænlandssælurinn eyddi fiskinum. Hann virðist þó aldrei hafa lagst mjög á 1 árs fisk, því kynþroska fiskur — vertíðarfiskur — er kominn aftur eftir 5 ár (en ekki 6) eftir lægðirnar.

Þessi selafjöldi hlýtur að hafa verið 600 þús. til milljón. Norðmenn eyddu þessum sel að mestu á árunum frá því um miðja 19. öld og fram á byrjun 20. aldar. Nú er sennilega ekki til nema 5—10% af þessum sel, miðað við það sem mest var. Þess vegna verður vonandi aldrei algjört fiskileysi framfar við Ísland. En hátæknivæddur ofveiðifloti á uppeldissvæðum gæti farið að leika hlutverk vöðuselsins að verulegu leyti.

D 1646 TIL 1900

15



GÓÐIR LESENDUR!

Hafið hugfast að allir þjóðfélagshópar mundu hafa hag af þeirri hagsældar- og farsældarstefnu, sem hér er boðuð.

TIL LAUNÞEGA ALMENNT

Launafólk. Nýtt og traust svigrúm mundi skapast til að bæta rauntekjur ykkar allra.

TIL SJÓMANNA.

Sjómenn. Öryggi ykkar til tekjuöflunar mundi stórbatna, vegna þess að heildaraflinn vex um þriðjung eða svo.

TIL FÓLKSINS Í FISKVINNSLUNNI.

Fiskvinnslufólk. Ykkar staða gjörbreyttist til batnaðar vegna þess að staða fiskvinnslustöðva — einnig sunnanlands og vestan — kemst á alveg nýjan grundvöll við það að hætt yrði að drepa fiskinn í uppeldinu og meginhluti hans kemur á sín hefðbundnu vertíðarsvæði. Þá mundi fiskvinnslustöðvar sunnanlands og vestan síst reynast of afkasta miklar.

TIL BÆNDA OG ÆENDAVINA.

Bændur. Ykkar hagur batnar og styrktist við bættu stöðu þjóðarbúsins í heild. Kaupgeta vex til neyslu á framleiðsluvörum ykkar. Svigrún til niðurgreiðslna á framleiðslu ykkar til innanlandsneyslu verður rýmra.

TIL IÐNAÐARFÓLKS OG BYGGINGAMANNA.

Iðnaðarfólk. Byggingamenn. Nýtt blómaskeið hefst, bæði í nýjum iðnaði og í þeim iðnaði sem fyrir er m.a. byggingaiðnaði. Bætur stöðu til kjarabóta.

TIL VERSLUNARFÓLKS.

Verzlunarfólk í smásöludreifingu. Við aukna velmegun batnar hagur verzlana hvarvetna — og um leið þeirra sem við verzlun starfa. Á þetta jafnt við verzlunareigendur og starfsmenn verzlana- og viðskiptalífs yfirleitt.

TIL HEILDSALA BÆDI Í INN- OG ÚTFLUTNINGI.

Innflytjendur (heildsalar). Ykkar hagur stórbatnar af þremur ástæðum. a) Af því að meiri gjaldeyrir verður tiltækur til innflutnings. b) **Hlutfall almenns** vöruinnflutnings hækkar af heildarinnflutningnum, vegna þess að föstu gjaldaliðirnir s.s. vextir og afborganir af erlendum skuldum, svo og t.d. oliuinnflutningur, eru fastir póstar, sem ekki hækka við bættu stöðu í heild. c) Ný verkefni myndast fyrir verzlunarmenn, sem sinna útflutningi, bæði vegna þess að nú verður meira flutt út af fiskafurðum en áður — og svo myndast verkefni við að selja úr landi framleiðsluvörur hins nýja iðnaðar og hið aukna fiskmagn.

TIL BÍLSTJÓRA.

Bílstjórar, bæði fólksflutningsbílstjórar og vöru- og sendibílstjórar. Fáir verða þess fljótar varir en þið, hvernig þjóðarþúfið gengur. Núverandi kreppustefna mundi bitna harkalega á ykkur — en hagsældarstefnan mundi fljótt reynast ykkur beinlínis arðvænleg.

NÝ VON HINNA UNGU

Unga menntafólk. Við bættu stöðu þjóðarbúsins batnar ykkar aðstaða á margan hátt. a) Nýiðnaðurinn þarf á starfskröftum ykkar að halda. Vegna dreifingar hans út um landsbyggðirnar þjóðast ykkur ný og fjölbreyttari tækifæri en áður til að fá verkefni við hæfi í ykkar heimabyggð. b) Menntun ykkar nýtist þjóð ykkar, bæði sem forstöðumanna og tæknimanna í hinum nýja iðnaði. Valkostum fjölga. c) Öflun markaða fyrir hinar nýju iðnaðarvörur og fyrir hinn aukna sjávarafarafra kallar m.a. á málakunnáttu ykkar, kjark ykkar og dug til ferðalaga og dvalar út um heim við að sinna markaðs- og tækniöflunarverkefnum.

ELDRA FÓLK, UNGLINGAR, FÓLK MEÐ SKERTA STARFSKRAFTA

Öll fáid þið bættu aðstöðu til að njóta krafta ykkar og hæfileika við tilkomu hins nýja smáiðnaðar, sem dreifast mun um landið, bæði til sjávar og sveita — vegna þess hvað smáiðnaðurinn býður upp á

fjölbreytt störf. Hann lyftir þjóðinni á hærri menningarstig. Þjóðin þarf að gerast iðnsinnuð („industrial minded“).

LÖÐUN - EKKI VALDBOÐ

Hin nýja uppbygging verður ekki framkvæmd með fyrirskipunum frá æðri stöðum, heldur verður hún löðuð fram með því að búa til eða rækta upp með pólitískum aðgerðum það umhverfi, þau skilyrði, þar sem hinn umhverfisbætandi iðnaður þrífst. Margar spurningar vakna — en svörin má finna. Meðal stjórnmálamanna á Íslandi er margt dugandi manna, og heiti ég á þá til átaka.

Góðir Íslendingar. Úrræðaleysi fátækarstefnunar má ekki þola. Hikið ekki við að efla nýja forystusveit ykkur til handa.

Kristján Friðriksson

HAGKEÐJAN

1. tölublað. 1. árgangur.
Útgefendur: 16 stuðningsmenn
HAGKEÐJU-hugmyndar.
Ábyrgur ritstj.: Kristján Friðriksson,
Garðastræti 39, Sími 18832.
Prentun: Offsetmyndir s/f,
Mjólnisholti 14, Reykjavík.

Bókin FARSÆLDARRÍKIÐ OG MANNGILDISSTEFNAN

eftir Kristján Friðriksson

kom út 1974. (Verð 1785.-)
Bókin fjallar um stjórnmálastefnur, um skólamála o. fl.
Hún fæst árituð hjá höfundu.
Einnig í bókaverzlunum og hjá útgefenda, sem er bókaútgáfan SKUGGSJÁ.

Það varð að samkomulagi milli þeirra 16 manna, sem standa að útgáfu þessa rits, að nokkrir sérfræðingar og valinkunnir borgarar skyldu spurðir álits þeirra á hagkeðju-hugmyndinni. Sérfræðingarnir skyldu spurðir um álit þeirra á einstökum atriðum. Fara svörin hér á eftir.

Rétt er að vekja athygli á að aðeins þrír af þeim, sem spurðir voru, eru meðal útgefendanna 16.

Berglind Ásgeirsdóttir, formaður Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta var beðin um álit - varðandi áhyggjur K.F. um verkefna-skort og hugsanlegan landflótta menntafólks, miðað við óbreytta megin stefnu í efnahagsmálum. Hún skrifar:



Þeir sem eru við langskólanám mega vissulega bera ugg í brjósti varðandi atvinnuhorfur sínar. Miklum fjármunum hefur verið dælt í skólakerfið, en það er ekki nóg. Það kemur að því að þetta fólk fer að leita sér að atvinnu og hvað tekur þá við? Æ fleiri ráðast til hins opinbera í störf sem ekki skapa neinar gjald-eyristekjur. Mörgum þykir sem ríkis-geirinn sé þegar orðinn of stór og hvar eiga þá menntamenn að leita fyrir sér um störf?

Íslenskur iðnaður hefur eflst nokkuð en því miður alls ekki nógu -

hratt til að geta tekið við þeim stóru árgöngum sem streyma munu út úr skólum landsins á næstu árum. Sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af atvinnuhorfum þess mikla fjölda sem nú stundar nám í raungreinum við HÍ. En það er einmitt sá hópur menntamanna sem verður að byggja von sína á eflingu íslensks iðnaðar.

Við virðumst í æ ríkari mæli vera að ganga á einstaka fiskstofna áður en þeir eru fullvaxnir. Slíkt er í raun tilsvorandi og að éta útsæðið. Framtíðin er óneitanlega heldur óalitleg fyrir ungt fólk ef svo fer fram sem nú horfir. Lífskjör hljóta hér óhjákvæmilega að fara versnandi, nema eitthvað verulega róttækt eigi sér stað í fiskverndunarmálum. Í framhaldi af því verður síðan að hyggja að uppbyggingu fjölbreyttara atvinnulífs en nú er.

Verði ekkert að gert megum við fara að gera ráð fyrir landflótta í einhverjum mæli hjá þeim hópi sem hefur aflað sér alþjóðlegrar menntunar.

Hugmyndin um hagkeðjuna höfðar fyrst og fremmst til mín vegna þess jákvæða hugarfars

sem hún lýsir. Þar er bent réttilega á það, að rökréttast er að bíða með það að veiða fiskinn þar til hann hefur náð æskilegri veiðistærð. Vekur það í raun furðu að ekki skuli fyrr hafa verið hafist handa um að tryggja hámarksarðsemi fiskveiða. Skortir hér langtíma stefnumörkun í fiskveiðum.

Ég get ekki stillt mig um að láta í ljósi nokkrar áhyggjur varðandi framkvæmd Hagkeðjuhugmyndarinnar.

Ef tekin verður ákvörðun um að hefjast handa, verður að vera gulltryggt að íbúar Norðaustur- og Austurlands gjaldi í engu fyrir búsetu sína.

Þá er ég ekki of bjartsýn á að útgerðin og frystihúsin séu fær um að taka á sig auknar fjárskuldbindingar á tímabilinu þar til aflasamsetning hefur gjörbreyst. Ég tel því ekki raunhæft í byrjun að reikna með neinum verulegum tekjum af veiðileyfum, löndunargjöldum né útflutningsskatti.

Berglind Ásgeirsdóttir

Daði Ólafsson, iðnaðarmaður var spurður um álit á hagkeðjunni - frá sjónarmiði launafólks sérstaklega - en Daði er traustur baráttumaður fyrir launþega m.a. formaður í stéttarfélagi sínu og varamaður í miðstjórn ASÍ.




Undanfarið, þegar borið hafa á góma ástæðurnar fyrir stuðningi mínum við framboð Kristjáns Friðrikssonar, hefur svar mitt verið ofur einfalt. Okkur launþegum er það jafn ljóst og öðrum, að forsendurnar til aukinnar hagsældar hér á landi er ný stefna í efnahags- og atvinnumálum. Stefna, sem leiðir til aukinnar verðmæta-sköpunar og meiri ráðdeildar.

Það er álit mitt að hugmyndir Kristjáns stefni í þessa átt.

Því tel ég að Kristján Friðriksson eigi tvímælalaust erindi á Alþingi.

Daði Ólafsson

Davíð Sch. Thorsteinsson formaður FÍL, var spurður álits á stöðu efnahagsmála nú og um það hvað hann, sem leiðandi maður í iðnaði, hefði að segja um efnahagsmálatillögur K.F.



Allir hugsandi menn sjá að stjórn efnahagsmála okkar Íslendinga er í molum og að ekki verður lengur umflúið að breyta um stefnu í þeim málum.

Megin markmið okkar hlýtur að vera að við og niðjar okkar getum búið áfram á Íslandi sem frjáls og fullvalda þjóð við batnandi lífskjör, en öflugt atvinnulíf og skynsamleg nýting auðlinda okkar til lands og sjávar er forsenda þess að þessu takmarki verði náð.

Einn liður í mótun og fram-

kvæmd uppbyggingar og nýsköpunar atvinnulífsins er að á Alþingi sitji menn, sem eru í nánu sambandi við undirstöðuatvinnuvegina.

David Sch. Thorsteinsson

Jónína Jónsdóttir frá Gemlufalli lýsir hér viðhorfi sínu til hagkeðju-hugmyndarinnar.



hans fer eftir því, hver þroski þess er, eða hvort það er bundið á klafa óttans við álit þeirra, sem ekki vilja gefa sér tíma til að skilja, hvað hér er á ferðinni, eða pólitískt eða persónulega vill vera á móti þessum sannleika.

Álit mitt er að hér sé dregin upp skýr mynd af stjórnun, framkvæmanlegri stjórnun, sem er raunhæf uppbygging, ekki flotholt, sem hrekst með straumum.

Baráttugleði er ef til vill ekki sterkasta hlið framsóknamanna, en ég skírskota til eðlisgreindar þeirra.

Reyk og eymyrju þurfum við ekki að leiða yfir okkar land. Menntun og menning hlýtur að styðja að því að við græðum upp þau sár ránryrkjunnar sem blasa við hvers manns augum á fiskimiðum okkar. Þjóðin hefur unnið stórkostlegan sigur með 200 mílna lögsögunni. Ekkert annað en "hagkeðjan" er næsta spor. 6 árin sem hún fjallar um eru fljót að líða.

Því fólki, sem sá biðtími veldur röskun á högum, er þjóðfélaginu skylt að bæta, jafnt og skaða af náttúru-hamförum. Við vitum að barnið er dottið í brunninn, en Kristján Friðriksson leggur rök að því, hvernig má ná því uppúr og byrgja hann síðan.

Sem ein af 16 aðilum er standa

að útgáfu þessari, langar mig til að víkja nokkrum orðum að væntanlegri kosningabaráttu. Það stendur fyrir dyrum prófkjör um framþjóðendur framsóknaflokksins hér í Reykjavík til komandi kosninga. Mikið og gott mannval er þar í boði. Uppi eru tvær raddir um val manna á lista. Önnur er sú sem fer fram bak við tjöldin í flokknum og sargað er í stálið af tilkvöddu fólki, en hin er prófkjórið.

Fyrir mér er pólitík ekki guðspjall sem á ritningargrein fyrir hvern "messudag". Hún er fyrir mér sem kappleikur er birtist í vinnu fyrir hugmyndum, sem hljóta að miðast við stöðu mála hverju sinni. Ég sé ekki mann í pólitík sem föður, eiginmann, son eða bróður. Ég sé hann sem hetju tilbúna til að sigra eða falla. Ég er ánægð fyrir hönd þess er vinnur og lít svo á, að sá sem tapar hafi stækkað, því hann vildi einhverju fónna.

Það er slæmska að telja vegið að þeim sem fyrir eru, með áhuga annara til baráttu. Því fjölmennara framboðslið því meiri gróskuvottur. Hin margumtalaða "æfiráðning" er dragbitur í pólitík og félagslegur vanþroski.

Jónína Jónsdóttir

Í gegnum 40 ára hlustun á það sem við köllum pólitík, hafa mér ekki fest í minni vinnubrögð sem þau, er Kristján Friðriksson leggur á borðið með því er hann kallar "hagkeðjuna". Ég er minnug á orð líkt og, "það þarf að gera" og "það má gera" og "ég ætla að gera". Venjulega hefur vantað í þá mynd "hvernig".

Að fara með hendina inni "rottuholurnar" var sagt þegar vísitölukerfið var sett í gang, og fleira mætti nefna sem brenglast hefur í framkvæmdinni. En hjá Kristjáni Friðrikssyni er annað viðhorf. Allt er sýnt í máli og myndum, orsök, afleiðing og leiðrétting. Hvernig fólk tekur þessu framtaki

Friðrik Þorvaldsson útgerðarstjóri var beðinn um álit á kenningum Kristjáns Friðrikssonar - einkum hagkeðju-hugmyndinni. Hann skrifar:



Fyrir mörgum árum fór ég að veita eftirtekt blaðagreinum Kristjáns Friðrikssonar. Síðan vöktu ræður hans á félagsfundum at-
hygli mína, og í báðum tilvikum fyrir íhugum og festu. Þannig hefir svo tiltekist, að hin málefnalega könnun hans t.d. í gjaldeyris-
málum, og sem ýmsir töldu eins-
konar ýkjukenningu, hefur reynst svo glögg, að ógöngurnar eru orðnar miklu meiri en hann hafði orð á.

Ekki þarf að taka fram, að Kristján er einlægur samvinnumaður og í mennta- og menningarmálum

hinn traustasti samherji. En áhugi hans og hugsjónir í því efni hafa þó ekki byrgt honum sýn yfir á hinn breiða athafnavöll þjóðlífssins. Hann varaði við síldarslátruninni og þeirri fásinnu að hauga upp síldarverksmiðjum eftir einhverri séríustefnu. Afleiðingin hlýti að verða að hinni dýrmætu hjörð yrði með hramsi og græðgi breytt í skít í stað þess að veiða minna og meðhöndla aflann sem matföng eins og hagsýnum og þrífalegum mönnum sæmdi, og hlífa þannig lífríkinu. Þetta var ekki gert. Hin líðandi stund mótaðist af daglegu sífri og bráðræði, unz yfir lauk.

Í framhaldi af þessu barst hugur Kristjáns að öðru sjávarfangi, einkum þorskinum. Til viðbótar við eðlilegt kapp sjósóknara espudu fjölmiðlar upp svo sem væri um að ræða spretthlaupara og áhorfendur. Þessi eða hinn var kominn með svo og svo mikinn afla. Engin hugleiðing um gæðin. Þó var stundum sagt frá því, að íslensk skip kæmu á erlenda fiskmarkaði með óætan fisk t.d. svo 25% af magninu.

Frá þessu var skýrt svo sem það væri jafn fjarlæggt og óviðráðanlegt mannlegu valdi eins og teikn á himni. Engin skýring. Ekkert álas. Áfergjan í að drepa meira en

drottinn gaf var í samræmi við kapphlaupið, þótt afleiðingarnar yrðu rándráp, ýlda og snaut.

Svo var það, að Kristján Friðriksson fór að boða skipulega fiskveiðistefnu, þannig að fiskurinn fengi uppeldisfrið í hæfilegan tíma meðan hann stækkaði öllum að kostnaðarlausu.

Í því sambandi benti hann á hagkeðju-hugmynd sína, sem nú er orðin vel þekkt. En um leið vill hann efla iðnað á byggðasvæðum, þar sem skert aflaföng myndu valda tímabundnu atvinnuleysi ella. Þar sem Kristján er vel metinn iðnrekandi heldur hann þannig á tveim þráðum í hendi sér.

En það er ekki alltaf nóg að eiga hugsjónir. Þeim verður að fylgja eftir, þótt rödd hrópandans sé oft býsna drjúg.

Ég brá því á það ráð að vinna að því, að Kristján Friðriksson kæmist í framboð hér í Reykjavík og stæði þar með við hlið annara ágættra frambjóðenda flokksins í málefna-
legri baráttu fyrir framtíðarheill lands og þjóðar.

Friðrik Þorvaldsson

Dr. Jónas Bjarnason var spurður álits á hagkeðju-hugmyndinni, en alveg sérstaklega um álit hans á auðlindaskatti sem stjórnunartæki. Hann svaraði:



Kristján Friðriksson hefur um árabíl unnið af mikilli atorku að útbreiðslu hugmynda sinna um hag-


keðjuna og auðlindaskatt. Ég fer ekki dult með þá skoðun mína, að þessar hugmyndir séu einhverjar þær merkustu, sem fram hafa komið hérlandis á seinni árum. Vissulega eru hugmyndirnar byltingarkenndar, og mikil orka og festa er nauðsynleg til að upplýsa almenning um svo stórt mál. Kristján Friðriksson hefur unnið mikið starf á þessu sviði og lætur engan bilbug á sér finna. Eins og sakir standa virðist það ekki vera vænlegt til fylgis fyrir stjórnámálamenn að taka upp frumkvæði í erfiðum og flóknum málum, hversu merki-
leg þau nú eru. Ástand íslenskra efnahagsmála ber þessa glöggvitni. Nú er þörf fyrir stjórnámálamenn, sem hafa hugrekki og vilja-
festu til að takast á við höfuðmei-

semdir íslenskra atvinnamála.

Ég hef látið hafa það eftir mér opinberlega, að ég teldi ekki unnt að reka íslensk efnahagsmál af neinu viti án auðlindaskatts í sjávarútvegi. Röksemdir fyrir þessu er að finna í skrifum Kristjáns. Ég er ekki í hinum minnsta vafa um það, að í framtíðinni munu menn brjóta heilann um það, hvers vegna hugmyndir eins og "Kristjánskan" urðu ekki staðreynd miklu fyrir.

Jónas Bjarnason

Dr. Guðmundur Magnússon, prófessor var beðinn um álit á hagkeðju-hugmyndinni, en alveg sérstaklega um álit á því, hvort "hið þjóðhagslega margfeldi" væri áætlað nærri lagi í skrifum Kristjáns Friðrikssonar. (Á máli hagfræðinga er venjulega talað um "margfaldarann" í sömu merkingu og K.F. talar um þjóðhagslegt margfeldi.)



Það er mikið í fang færst að útskýra samhengi efnahagsmála með einföldum hætti. Kristján Friðriksson hefur gert þetta ótrauður og sýnt í ræðu og riti að hann hefur innsýn í innviði efnahagslífsins. Hann hefur ásamt Bjarna Braga Jónssyni, hagfræðingi, átt frumkvæði að því að útskýra þýðingu auðlindaskatts sem stjórnþækis í íslenskum sjávarútvegi.

Þau margfeldisáhrif á þjóðarframleiðslu sem hann vísar til í túlkun sinni á "hagkeðjunni" eru viðurkennt hugtak í hagfræði. Stærðargráðan er sennilega

ekki fjarri lagi sem meðaltal yfir lengri tíma, ef undirstaðan er réttleg fundin, þótt margfaldarinn geti verið mjög breytilegur eftir aðgerðum og efnahagsaðstæðum. Kristján segist reyndar leggja fátt nýtt til málanna. Þetta verður að skoðast sem hógvæð af hans hálfu, því að úrvinnslan skiptir ekki minna máli en sjálf hugmyndin. Eitt af aðalsmerkjum hvers stjórnáðalmanns er að beita áhrifum sínum til þess að það verði framkvæmanlegt á morgun sem ekki er hljómgrunnur fyrir í dag.

Dr. Guðmundur Magnússon

Hjálmar Vilhjálmsson, fiskifræðingur, var beðinn að segja álit sitt á því, hvort fiskigengd mundi aukast í líkingu við álit Kristjáns Friðrikssonar, ef friðunaraðgerðir yrðu framkvæmdar í samræmi við hagkeðju-stefnu. Hans svar var þetta:



Einn áhugamanna um íslenskan sjávarútveg, sem mikið hefur borið á að undanfögnu, er Kristján Friðriksson, iðnrekandi í Reykjavík. Hann er einn þeirra fjölmörgu, sem áhyggjur hefur haft af ört minnkandi þorskgengd seinni ára, bæði á Íslandsmiðum og nærliggjandi hafsvæðum.

En Kristján hefur ekki látið þar við sitja. Hann hefur lagt ómældan tíma og fyrirhöfn í að afla sér bestu fánlegra upplýsinga um ástand

þorsstofnsins, orsaker þess, líf-fræði tegundarinnar, veiðimunstur í fortíð og nútíð, auk fjölmargra annarra atriða, bæði haf- og hagfræðilegra, sem taka ber mið af þegar meta skal afrakstursetu og veiðipól.

Árangur þessa "tómstundastarfs" Kristjáns Friðrikssonar birtist í ritgerðum hans um hagkeðjuna. Þar ályktar höfundur m.a. að svo illa sé komið hinum íslenska þorsstofni, að ekki dugi lengur nein vettlingatök, ef ná eigi honum upp í æskilega stærð á ný. Friða beri ókynþroska þorsk nær algjörlega og gera ráðstafanir, sem tryggja, að svo miklu leyti sem hægt er, dreifða hryggningu. Á þann hátt myndi hverjum árgangi nýttast flestir þeir afkomumöguleikar, sem náttúran hefur upp á að bjóða hverju sinni og fiskurinn ná hagkvæmri stærð áður en hann er veiddur.

Þessi ályktun Kristjáns er í aðalatriðum í samræmi við skoðanir fjölmargra annarra, þ.a.m. fiskifræðinga og er eða ætti að vera óumdeild.

Um þær aðferðir, sem Kristján


leggur til að notaðar verði til þess að ná ofangreindu markmiði og nefndar hafa verið "Kristjánska", má hins vegar ef til vill deila. Á því sýnist samt lítill vafi að stjórnun veiða að tillögum Kristjáns myndi skapa okkur öflugan þorsstofn á tiltölulega skömmum tíma. Ennfremur myndi "Kristjánskan" væntanlega auka mjög hagkvæmni veiða og vinnslu.

Í þennan langmikilvægasta fiskstofn sækir alltof stór floti af mikinn þorsk og of smáan þorsk. Fáir þorskar ná kynþroskaaldri og hryggna. Af þeim sökum kann langvarandi viðkomubrestur að vera yfirvofandi, líkt og varð hjá síldinni fyrir skemmstu.

Í nánustu framtíð þurfum við því að gera enn róttækari ráðstafanir en til þessa hafa verið reyndar. Ég fæ ekki betur séð, en þá hljóti tillögur Kristjáns Friðrikssonar mjög að koma til álita.

Hjálmar Vilhjálmsson

Páll Guðmundsson skipstjóri og útgerðarmaður var spurður um álit á hagkeðjuhugmyndinni.



Þótt ég sé ekki sammála öllum þáttum í hagkeðju Kristjáns Friðrikssonar, vil ég þakka honum fyrir að hafa komið fram með svo ein-

dregnar skoðanir, sem leitt hafa til almennrar umhugsunar um sjávarútvegs- og efnahagsmál, þar sem ekki eru farnar troðnar slóðir.

Þau grundvallar atriði í hagkeðjunni að fiskurinn sé að mestu friðaður þar til hann hefur náð hagkvæmri stærð (kynþroskaaldri) hljóta flestir að vera sammála um.

Í því sambandi vil ég minnst að 1972 átti ég sæti í nefnd á vegum Farmanna og fiskimannasambands Íslands, sem vann að tilögum til landhelgislaganefndar (þingnefndar) um nýtingu landgrunnins við útfærslu í 50 mílna fiskveiðilögsögu. Samstaða var um tillögu sem gerði ráð fyrir friðun út af Norður og Norð-Austurlandi, með veiðarfæri sem tækju smáan fisk, auk annarra svæða

þar sem mikið væri um smáfisk. Einnig bentum við á að slíkar aðgerðir krefðust skipulags og aðstoðar við fólk á viðkomandi stöðum til breyttra atvinnuhátta.

Varðandi stærð fiskiskipaflotans, tel ég höfuðnaðsyn að leitað verði nýrra verkefna, t.d. við flatfiskveiðar, rækju á djúpmiðum og kolmunna. Komið verði upp skipulagðri tilraunavinnslu og markaðsleit, en ekki einblínt á fáar fisktegundir eins og verið hefur.

Til þeirra aðgerða þarf skipulagningu og fjármagn, sem skilar sér í ríkum mæli sé vel að málum staðið.

Páll Guðmundsson

Jónas Blöndal viðskipatafræðingur, skrifstofustjóri Fiskifélagsins var spurður álits á því, hvort hann teldi að auðlindaskattur væri hentugt tæki við stjórnun fiskveiða.

Það er almennt viðurkennd staðreynd, að sá floti, sem beitt er til veiða sé of stór. Of stór floti þýðir tvennt: Að fiskstofnarnir verða ofnýttir og að kostnaður við nýtingu er umfram það sem eðlilegt má telja. Ofnýting fiskstofna þýðir að afrakstursgeta þeirra til langframa er skert. Auk þess að áhætta er tekin hvað endurnýjun þeirra varðar. Þannig er talið að afrakstursgeta þorsstofnsins sé nú þegar skert um 100-150 þús. tonn á ári.

Á árabílinu frá 1970-1971 hafa tekjur útvegsins dregist saman um 2,3 % samkvæmt nýttkominni skýrslu Framkvæmdastofnunar. Samkvæmt sömu skýrslu hækkaði aðfangakostnaður (olíur, veiðarfæri o.s.frv.) 38,7%, fjármagnskostnaður um 67,3% en launakostnaður um 2,8%. Á þessu tímabili minnkaði framlag sjávarútvegsins til þjóðarþúsins um 2,4

milljarða kr. Framangreindar tölur eru miðaðar við verðlag 1974.

Að hluta til má leita orsaka þessarar þróunar í hækkuðu verði framleiðslubátta, en uppistaðan er tilkomin vegna stærri flota sem engu hefur skilað.

Það er óhjákvæmilegt lögmál að floti hefur tilhneigingu til að stækka úr hófi fram. Sú tilhneigning er aukin þar sem útvegurinn býr við takmarkaða samkeppni um fjármagn og vinnuafli af hendi annarra greina og hefur það grundvallarþýðingu, eins og hér er raunin á. Það hlýtur að vera þjóðhagslegt markmið að hamla gegn slíkri þróun og tryggja að arður sá sem verið getur af veiðum sitji eftir í þjóðfélaginu. Sú eina leið, sem fær er í þessu efni er að takmarka flotastærðina þannig að afkastageta flotans sé í sem mestu samræmi við afrakstursgetu þeirra stofna, sem nýttir eru. Þar með er

tvennt tryggt: Viðgangur stofna og arðsemi útgerðar.

Í þessu efni er hægt að hugsa sér bæði beinar og óbeinar aðgerðir. Beinu aðgerðirnar felast í opinberu eftirliti með hversu miklum flota er beitt til veiða. Hvort slíkt eftirlit yrði virkt þegar arður af veiðum fer vaxandi er undir hælinn lagt. Í því efni er reynslan bitur. Óbeinu aðgerðirnar felast í skattlagningu í einu formi eða öðru. Tvimælalaust eru slíkar aðgerðir virkari. Hvaða leið menn kjósa er pólitísk spurning en mergurinn málsins er sá að arður af þessari starfsemi sitji eftir til hagsældar þjóðfélaginu en sé ekki eytt í skipakaup í Noregi, olúkaup í Rússlandi eða veiðarfæra-kaup í Japan.

Jónas Blöndal

Ólafur B. Ólafsson útgerðarmaður í Sandgerði, sem þarf að sjá fjölda manns fyrir vinnu, var spurður, hvort betra væri stjórnun fiskveiða með auðlindaskatti, eða fiskleysi. Svar:



Öll stjórnun er vandmeðfarin og oft hafa stjórnunaraðgerðir á Íslandi viljað skapa nýjan vanda fyrir þann, sem leystur var.

Oft hefur þetta stafað af því, að ekki hefur verið hugsað um nema tíma- og staðbundinn vanda hverju sinni, en minna hugsað til lengri tíma og um aðra þætti, sem lausnin snerti einnig.

Það gefur "hagkeðju" Kristjáns Friðrikssonar mest gildi, að hún leitast við að taka tillit til og veita heildarlaun á öllum þáttum, sem hana varðar. Útfærslan í einstökum atriðum hlýtur að verða samkomulagsatriði. Sem "hugsunar-

líkan" (tænkemodel) fyrir framtíðarækvarðanir er hún mikils virði.

Allir, sem láta sig varða sjávarútvegsmál á hinum hefðbundnu vertíðarsvæðum hljóta að vera uggandi yfir þeirri þróun, sem átt hefur sér stað undanfarnin ár. Fiskmagn hefur hraðminnkað á þessu svæði, meðan aukning á sér stað annarsstaðar.

Við hljótum að fagna stjórnunaraðferð, sem leitast við að bæta hag allra, án þess að hlutur eins verði fyrir borð borinn.

Ólafur B. Ólafsson

Pétur Sörlason iðnrekandi var spurður um álit hans á hagkeðju-hugmyndinni, einkum um það hvernig hún liti út frá sjónarmiði iðnaðarins. Svar hans var þetta:



ræðunum, sem fram hefur komið svo ég viti til.

Kristján Friðriksson iðnrekandi ætlar nú að gefa kost á sér til framboðs á Alþingi. Hann er maður, sem hefur tekið virkan þátt í þjóðmálum undanfarnin 20 - 30 ár og mótað ákveðnar skoðanir um þau eins og þegar hefur komið fram í fjölmiðlum.

Kristján er stofnandi að Verðlaunasjóði iðnaðarins, og er þegar búinn að veita úr þeim sjóði ein verðlaun. Kristján er litríkur persónuleiki, sjálfstæður bæði andlega og fjárhagslega. Kristján hefur raunhæfa þekkingu á iðnaði, því hann hefur sjálfur lengi rekið eigin iðnfyrirtæki og gerir enn.

Hann hefur ætíð verið ótull talsmaður iðnaðarins og er fylginn sér, og gefur sér góðan tíma til rannsóknar á þeim mállefnum, sem

hann vinnur að hverju sinni. Þannig manntar okkur inn á Alþingi. Mann úr röðum iðnaðarmanna. Það er skömm og skaði fyrir iðnaðinn, sem er langfjölmenntasta atvinnustétt landsmanna, og er þar að auki sú atvinnugrein, sem á að taka við mestri fjölgun í atvinnulífnum um ókomin ár, að hann skuli ekki eiga neinn talsmann á Alþingi úr sínum stóra hópi. Ég vildi að svo gæti orðið. Það er hægt með því að styðja Kristján Friðriksson til framboðs fyrst í prófkjöri og síðan í alþingiskosningum. Þá hefði iðnaðurinn a.m.k. einn öruggan talsmann á þingi.

Pétur Sörlason

Mér er ljúft að lýsa því yfir, að ég er stuðningsmaður hagkeðju-hugmyndarinnar - í megin atriðum, enda er þar um að ræða þá einu heildarlaun á efnahagsvand-

Samborgarar.

Við, sem stöndum að útgáfu þessa rits um **hagkeðjuna**, skorum á yður að kynna yður vel efni þess.

Hér er um að ræða þá einu heilstæðu tillögu, sem fram hefur komið um laun efnahagsvandans.

Dæmið svo sjálf í málinu, því það er afgerandi um yðar eigin framtíðarhag og um hag þjóðarinnar.

Í samræmi við þann dóm, sem þér fellið væri vænlegt að þér verðuð atkvæði yðar í því prófkjöri sem fram fer 21. og 22. jan. að Rauðarárstíg 18.

Það gæti haft úrslita áhrif á framvindu mála í náinni framtíð.

(Stuðningur við K.F. neðar en í 2. sæti kemur naumast að gagni).

Útgefendur.